



Tilmæli 8/2015

Fyrri númer:
A 1640/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 15-00032-18

Netöryggi á Norðurlöndum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 27. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu menningar- og menntamálanefndar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær gefi munnlega skýrslu á þinginu 2016 með yfirliti og samantekt á þeim norrænu aðgerðum sem hafa verið samræmdar og hvaða nýrra aðgerða mætti grípa til á Norðurlöndum, í samstarfi CERT-sveitanna en einnig varðandi fjölmiðlafærni barna og ungmenna, með áherslu á árangur af alþjóðlega netöryggisdeginum 9. febrúar 2016. Nefndin óskar eftir því að ríkisstjórnirnar vinni saman að norrænum aðgerðum, ekki síst sem auka færni barna og ungmenna og þekkingu þeirra á tölvu- og netöryggi;

að þær hefji norrænt fræðsluáttak eða víðtæka upplýsingaherferð, þar sem almenningur á Norðurlöndum er markhópurinn, þar á meðal börn og ungmenni. Fræðsluáttakinu er ætlað að veita upplýsingar um hvernig borgarar á Norðurlöndum geta varið tölvur sínar og bætt öryggi sitt, með það að markmiði að auka þekkingu og athygli á aukið netöryggi í samfélögum Norðurlanda.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Nefndarálit menningar- og menntamálanefndar um

Norðurlandaráð

þingmannatillögu um að auka netöryggi á Norðurlöndum

Tilmæli 8/2015

Fyrri númer:
A 1640/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Tillaga nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær gefi munnlega skýrslu á þinginu 2016 með yfirliti og samantekt á þeim norrænu aðgerðum sem hafa verið samræmdar og hvaða nýrra aðgerða mætti grípa til á Norðurlöndum, í samstarfi CERT-sveitanna en einnig varðandi fjölmiðlafærni barna og ungmenna, með áherslu á árangur af alþjóðlega netöryggisdeginum 9. febrúar 2016. Nefndin óskar eftir því að ríkisstjórnirnar vinni saman að norrænum aðgerðum, ekki síst sem auka færni barna og ungmenna og þekkingu þeirra á tölvu- og netöryggi;

að þær hefji norrænt fræðsluáttak eða víðtæka upplýsingaherferð, þar sem almenningur á Norðurlöndum er markhópurinn, þar á meðal börn og ungmenni. Fræðsluáttakinu er ætlað að veita upplýsingar um hvernig borgarar á Norðurlöndum geta varið tölvur sínar og bætt öryggi sitt, með það að markmiði að auka þekkingu og athygli á aukið netöryggi í samfélögum Norðurlanda.

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 15-00032-18

Menningar- og menntamálanefndin telur að enn eigi að leggja mikla áherslu á netöryggi í norrænu samstarfi. Nefndin telur afar brýnt að auka vitund um og þekkingu á netöryggi, meðal almennings og hjá stofnunum. Ekki síst meðal barna og ungmenna. Eigi þetta markmið að nást er einnig mikilvægt að fjölmiðlaeftirlit í löndunum, t.d. Medierådet for Børn og Unge í Danmörku http://www.dfi.dk/Boern_og_unge/Medieraadet/Digitale-medier.aspx

sinni þess háttar verkefnum og vandamálum. Fjölmiðlaeftirlitið í Danmörku, Medierådet, mun til dæmis halda ráðgerðan alþjóðlegan netöryggisdag 9. febrúar

<http://www.saferinternetday.org/web/quest>

CERT-sveitirnar á Norðurlöndum eiga enn fremur náð samstarf um netöryggi almennt í samfélaginu. Þetta er afar mikilvægt vegna þess að Norðurlöndin eiga töluverða innviði sameiginlega sem tengja löndin. Gerist eitthvað í Finnlandi í dag mun það að öllum líkindum hafa borist til Svíþjóðar á morgun. Og það sem kemur fyrir í Svíþjóð í dag getur endurtekið sig í Danmörku, í Noregi eða á Íslandi skömmu síðar. Þess vegna vill nefndin að gert verði yfirlit yfir norræn sjónarhorn og framtíðaráætlanir í samstarfi CERT-sveitanna á Norðurlöndum. Hvernig mætti efla norrænt samstarf CERT-sveitanna? Hvaða ný viðfangsefni eiga Norðurlöndin sameiginleg sem mætti eiga samstarf um að takast á við og leysa? Með tillögunni vill menningar- og menntamálanefndin beina kastljósinu að nýjum samstarfssviðum. Nefndin telur að tölvuöryggi sé brýnt málefni, hvort sem er í ómissandi gangvirkjum samfélagsins eins og orku- og vatnsveitu eða varðandi vitund almennings um netöryggi. Ekki síst ber að leggja áherslu á stafræna færni barna og ungmenna og kenna þeim að meta heimildargildi.

Forsaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 8/2015

Fyrri númer:
A 1640/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 15-00032-18

Menningar- og menntamálanefndin telur netöryggi borgaranna vera brýnt mállefni sem setja þurfi í enn meiri forgang á öllum Norðurlöndum.

Árið 2013 afgreiddi forsætisnefndin tillögu „um að efla norrænt samstarf gegn netógnum og stafrænum árásum“ en hún fjallaði einnig um að efla netöryggi í norrænu samstarfi.

Norrænu ríkisstjórnirnar svöruðu tilmælunum á þá leið að löndin ættu formlegt samstarf um netógnir. Í samskiptaneti norrænu netöryggissveitanna – Computer Emergency Response Teams (CERT) – skiptast menn á upplýsingum um hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í löndunum. Samstarfið felst í að greina atvik af þessu tagi þannig að efla megi viðbúnað ef slík atvik endurtaka sig. Norræn stjórnvöld taka einnig þátt í samstarfi um stafrænt öryggi hjá ýmsum fjölþjóðlegum stofnunum. Norðurlandaráð álítur sérlega mikilvægt að eiga samstarf um viðbúnað við netógnum og stafrænum árásum. Í ljósi þess að norrænt samstarf fer þegar fram um þessi mál ákvað forsætisnefndin að afskrifa tilmælin.

Þess má geta að DK-CERT, netöryggissveitin í Danmörku, hefur í samstarfi við þar til bær dönsk yfirvöld, Digitaliseringsstyrelsen, framkvæmt nýja rannsókn á netöryggi borgaranna en þar kom í ljós að víða er pottur brotinn. Tölvuþrjotar geta þröngvað sér gegnum dulkóðaðar tengingar og ráðist á gögn og netöryggi borgaranna. Fyrir vikið geta borgararnir glatað viðkvæmum persónulegum upplýsingum eða þeim verið meinaður aðgangur að gögnum sínum.

Digitaliseringsstyrelsen og DK-CERT studdust við niðurstöður rannsóknarinnar og sömdu eftirfarandi ráðleggingar til almennings í því skyni að auka upplýsingaöryggi borgaranna:

1. Notið öryggishugbúnað eins og vírusvörn og eldvegg.
2. Uppfærið forritin reglulega.
3. Takið öryggisafrit af gögnum ykkar.
4. Smellið ekki á hlekki í tölvuskeytum sem berast ykkur óumbeðið.
5. Kynnið ykkur veffang áður en þið fyllið út eyðublöð með trúnaðarupplýsingum. Gefið aðeins upp trúnaðarupplýsingar á vefsíðum sem þið treystið.
6. Verjið þráðlaus net ykkar með lykilorði.
7. Forðist að senda viðkvæmar upplýsingar um opin þráðlaus net (net án dulkóðunar).
8. Notið sýndarnet (VPN) þegar þið notið opin þráðlaus net.
9. Gangið úr skugga um að þráðlausu netið sem þið notið til samskipta sé ekki eftirlíking.
10. Eftir notkun á opnu og þráðlausu neti gætið þess þá að stilla símann/tölvuna þannig að netið gleymist.
11. Notið mismunandi lykilorð fyrir ólíkar þjónustur. Þið getið jafnvel notað *password manager*-forrit til þess að henda reiðu á lykilorðunum.
12. Notið tvíþætta staðfestingu á vefþjónustum.
13. Sníðið persónulegar stillingar ykkar á samfélagsmiðlum að eigin ósk.
14. Gefið ekki upp persónulegar eða trúnaðarupplýsingar á samfélagsmiðlum, umræðusíðum eða spjallrásum.

Sjá rannsóknina hér:

Netöryggissveitir, Computer Emergency Response Teams (CERT), hafa verið settar á fót í löndunum á undanförunum árum. Markmiðið með sveitunum er að fyrirbyggja og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið þeirra. Með því að byggja á núverandi samstarfi sveitanna mætti auka heildaráhrifin af norrænu samstarfi.

Ósló, 9. september 2015

Anne Louhelainen (saf)

Annette Lind (S)

Aron Emilsson (SD)

Cecilia Widegren (M)

Ingebjørg Amanda Godskesen (FrP)

Johan Andersson (S)

*Jorodd Asphjell (A), **formaður***

Li Andersson (vänst)

Mogens Jensen (S)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Norðurlandaráð

Tilmæli 8/2015

Fyrri númer:

A 1640/kultur

Fjallað um í:

Menningar- og

menntamálanefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um

þingmannatillögu

Málsnúmer 15-00032-18